

ERINDISBRÉF

Starfshópur um varanlegan regnboga

Ábyrgðarmaður: Skipulags- og samgönguráð.

Inngangur:

Þann 4. júní 2019 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur að málaður yrði varanlegur regnbogi á áberandi stað í miðborg Reykjavíkur. Síðar sama sumar var samþykkt að regnboganum yrði komið fyrir á Skólavörðustíg milli Bergstaðastrætis og Laugavegs með fyrirvara um breytingu á útliti og efnistökm við endurgerð götunnar. Ljóst er að núverandi staðsetning hefur almennt mælst vel fyrir og er regnboginn orðinn eitt af kennileitum Reykjavíkur. Jafnframt liggur fyrir að áform eru uppi um breytingar á Skólavörðustíg í tengslum við varanlega breytingu svæðisins í göngugötu. Í því samhengi þykir rétt að skoða framtíðarútfærslu á regnboganum í miðborg Reykjavíkur á núverandi eða nýjum stað.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að móta stefnu varðandi útfærslu regnbogans og varanlega staðsetningu regnbogans í miðborg Reykjavíkur.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Að skoða valkosti varðandi varanlega framtíðarstaðsetningu regnbogans, þar með talið óbreytta staðsetningu hans á neðri hluta Skólavörðustígs.
- Leggja mat á ávinning þess að þess að Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að vinna móta tillögu að útfærslu og staðsetningu út frá þeim forsendum og markmiðum sem hópurinn setur samanborið við að efna til samkeppni.
- Að gera tillögur til skipulags- og samgönguráðs um næstu skref.

Starfshópurinn skipa:

Edda Ívarsdóttir, formaður, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Rebekka Guðmundsdóttir, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

[Nafn fulltrúa], mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

[Nafn fulltrúa], Samtökin 78.

[Nafn fulltrúa], Hinsegin dagar í Reykjavík.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

[Nafn verkefnisstjóra], skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok september 2022.

Reykjavík, [Dags.]

[Nafn ábyrgðarmanns]

Hjálagt:

DRÖG